



Aukið frelsi í viðskiptum mikilvægt

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að aukid frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur skipti miklu máli. Þá segir hann að starfmönnum samtakanna hafi tekist ágætlega að láta til sín taka á árinu í hagsmunabaráttunni fyrir félagsmenn.

TEXTI: SVAVA JÓNSDÓTTIR / MYND: GEIR ÓLAFSSON

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að það mikilvægasta sem gerst hefur á árinu sé að starfsfólki þeirra hafi tekist með ágætis árangri að varpa ljósi á það öngstræti sem viðskipti með landbúnaðarvörur eru komin í hér á landi.

„Aukið frelsi í viðskiptum með þessar vörur skiptir verslunina gífurlega miklu máli og kjötskorturinn sem kom upp í sumar sýndi mjög glögg hvern vanda er við að eþja í þessum viðskiptum. Það rann allt í einu upp fyrir almenningi að ekki var til nóg af lambakjöti til að sinna innanlandspörf en slíkt hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar vegna þess að hvorki verslanir né veitingahús fengu nægilegt magn af kjöti frá afurðastöðvum.

Þrátt fyrir þetta voru stjórnvöld ófánleg til að heimila aukinn innflutning á landbúnaðarvörum. Það sem er verst er að staðan í þessum efnun

hefur mjög farið til verri vegar undir núverandi stjórnvöldum. Á sama tíma og þetta gerist og á sama tíma og stjórnvöld gera allt sem þau geta til að koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og eðlilega samkeppni með þessar vörur hefur verið á landbúnaðarafurðum stórhækkað langt umfram almenna verðlagsþróun í landinu. Það sem er þó jákvætt er að sú mikla umræða og athygli sem þetta mál fékk leiddi greinilega til mikilla viðhorfsbreytinga hjá almenningi.“

Andrés segir að átak Samtaka verslunar og þjónustu, „Spilum saman“, hafi líka staðið upp úr á árinu. Um er að ræða árlegt átak Samtaka verslunar og þjónustu og Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem hefur þann tilgang að vekja athygli á því stóra og mikilvæga hlutverki sem atvinnugreinin verslun og þjónusta gegnir í þjóðfélaginu. „Það er að okkar mati mikilvægt hversu vel átakið hefur tekist og hversu jákvæðar undirtektir það hefur fengið.“

Um 300 sinnum í fréttum

Andrés segir að starfmönnum Samtaka verslunar og þjónustu hafi tekist ágætlega að láta til sín taka á árinu í hagsmunabaráttunni fyrir félagsmenn. „Mikið af þessari baráttu fer fram í fjölmiðlum, bæði með viðtölum og greinaskrifum. Það er eðli hagsmunagæslunnar. Samkvæmt gagnagrunni Credinfo hafa Samtök verslunar og þjónustu verið tæplega 300 sinnum í fréttum á árinu, sem er að okkar mati ágætis árangur. Þótt þetta sé ekki algildur mælikvarði finnst okkur það segja þó nokkuð til um það hversu vel okkur hefur tekist að vekja athygli á helstu baráttumálum okkar á opinberum vettvangi.“

Samtök verslunar og þjónustu kynntu nýtt lógó á árinu auk þess sem kynningarefni samtakanna var endurnýjað. „Þessari breytingu hefur verið vel tekið af félagsmönnum enda lesa flestir broskarl út úr nýja lógóinu; hugsun okkar var sú að það væri ágætt að hafa

einmitt broskarl enda á hann að standa fyrir þau jákvæðu viðhorf í samskiptum sem við viljum að einkenni starfsemi okkar.“

Vörugjöld og tollar

Hlutverk Samtaka verslunar og þjónustu er að standa vörð um hagsmunum atvinnugreinarinnar verslunar og þjónustu í sem víðustum skilningi. „Við hyggjumst gera það með enn öflugri hætti á nýju ári og ættum að hafa allar forsendur til þess að geta gert það. Metnaður okkar stendur mjög til þess að auka áhrif okkar sem hagsmunasamtök enda veita fyrirtæki innan Samtaka verslunar og þjónustu um 25% fólks á almennum vinnumarkaði atvinnu. Þannig að út frá því hvað við höfum öflugan bakhjarl og stöndum fyrir breiðan hóp atvinnurekenda viljum við gera rödd okkar hærri þannig að hagsmunir greinarinnar sem við erum málsvavar fyrir komist betur til skila.“ Andrés segir að hvað næsta ár varðar sé á dagskrá

að vekja sérstaka athygli á því skattalega umhverfi sem verslunin býr við. „Við ætlum að vekja athygli á því hversu mikið vörugjöld og tollar skerða samkeppnisstöðu verslunarinnar í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem greinin býr við.“

Andrés segir að það skipti miklu máli fyrir atvinnugreininna að hún búi við sem sambærilegastar skattalegar aðstæður og verslunin býr við í nágrannalöndunum. „Greinin er í alþjóðlegri samkeppni og þegar aðstöðumunurinn er á mörgum sviðum eins mikill og raunber vitni þá er einföldun og lagfæring á skattkerfinu tvímælaust besta leiðin til þess að bæta hag greinarinnar og þess stóra hóps fólks sem hefur atvinnu sína og framfæri af því að starfa í verslun og þjónustu.

Við höfum í haust unnið að greiningu á vörugjaldskerfinu en verslunin, eins og margar aðrar atvinnugreinar, hefur lengi haft horn í síðu þessa skatts fyrir það hversu flókinn, ósanngjarn og óskilvirkur hann er. Við munum þess vegna á nýju ári leggja sérstaka áherslu á það við stjórnvöld að hafinn verði undirbúningur að því að afnema vörugjöldin af öllum almennum vörum. Á nýju ári ætlum við ennfremur að efla átakið „Spilum saman“ og vera með nýjar áherslur í því og hugsanlega tvíanna það saman við annað átak sem við tengjumst og heitir „Allir vinna“. Þar er fólk hvatt til framkvæmda við hús sín og sumarbústaði gegn verulegum skattalegum ávinningi. ☪

„Það er að okkar mati mikilvægt hversu vel átakið hefur tekist og hversu jákvæðar undirtektir það hefur fengið.“

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.





Aukið frelsi í viðskiptum mikilvægt

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að aukid frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur skipti miklu máli. Þá segir hann að starfmönnum samtakanna hafi tekist ágætlega að láta til sín taka á árinu í hagsmunabaráttunni fyrir félagsmenn.

TEXTI: SVAVA JÓNSDÓTTIR / MYND: GEIR ÓLAFSSON

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að það mikilvægasta sem gerst hefur á árinu sé að starfsfólki þeirra hafi tekist með ágætis árangri að varpa ljósi á það öngstræti sem viðskipti með landbúnaðarvörur eru komin í hér á landi.

„Aukið frelsi í viðskiptum með þessar vörur skiptir verslunina gífurlega miklu máli og kjötskorturinn sem kom upp í sumar sýndi mjög glögg hvern vanda er við að eþja í þessum viðskiptum. Það rann allt í einu upp fyrir almenningi að ekki var til nóg af lambakjöti til að sinna innanlandspörf en slíkt hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar vegna þess að hvorki verslanir né veitingahús fengu nægilegt magn af kjöti frá afurðastöðvum.

Þrátt fyrir þetta voru stjórnvöld ófánleg til að heimila aukinn innflutning á landbúnaðarvörum. Það sem er verst er að staðan í þessum efnun

hefur mjög farið til verri vegar undir núverandi stjórnvöldum. Á sama tíma og þetta gerist og á sama tíma og stjórnvöld gera allt sem þau geta til að koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og eðlilega samkeppni með þessar vörur hefur verið á landbúnaðarafurðum stórhækkað langt umfram almenna verðlagsþróun í landinu. Það sem er þó jákvætt er að sú mikla umræða og athygli sem þetta mál fékk leiddi greinilega til mikilla viðhorfsbreytinga hjá almenningi.“

Andrés segir að átak Samtaka verslunar og þjónustu, „Spilum saman“, hafi líka staðið upp úr á árinu. Um er að ræða árlegt átak Samtaka verslunar og þjónustu og Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem hefur þann tilgang að vekja athygli á því stóra og mikilvæga hlutverki sem atvinnugreinin verslun og þjónusta gegnir í þjóðfélaginu. „Það er að okkar mati mikilvægt hversu vel átakið hefur tekist og hversu jákvæðar undirtektir það hefur fengið.“

Um 300 sinnum í fréttum

Andrés segir að starfmönnum Samtaka verslunar og þjónustu hafi tekist ágætlega að láta til sín taka á árinu í hagsmunabaráttunni fyrir félagsmenn. „Mikið af þessari baráttu fer fram í fjölmiðlum, bæði með viðtölum og greinaskrifum. Það er eðli hagsmunagæslunnar. Samkvæmt gagnagrunni Credinfo hafa Samtök verslunar og þjónustu verið tæplega 300 sinnum í fréttum á árinu, sem er að okkar mati ágætis árangur. Þótt þetta sé ekki algildur mælikvarði finnst okkur það segja þó nokkuð til um það hversu vel okkur hefur tekist að vekja athygli á helstu baráttumálum okkar á opinberum vettvangi.“

Samtök verslunar og þjónustu kynntu nýtt lógó á árinu auk þess sem kynningarefni samtakanna var endurnýjað. „Þessari breytingu hefur verið vel tekið af félagsmönnum enda lesa flestir broskarl út úr nýja lógóinu; hugsun okkar var sú að það væri ágætt að hafa

einmitt broskarl enda á hann að standa fyrir þau jákvæðu viðhorf í samskiptum sem við viljum að einkenni starfsemi okkar.“

Vörugjöld og tollar

Hlutverk Samtaka verslunar og þjónustu er að standa vörð um hagsmunum atvinnugreinarinnar verslunar og þjónustu í sem víðustum skilningi. „Við hyggjumst gera það með enn öflugri hætti á nýju ári og ættum að hafa allar forsendur til þess að geta gert það. Metnaður okkar stendur mjög til þess að auka áhrif okkar sem hagsmunasamtök enda veita fyrirtæki innan Samtaka verslunar og þjónustu um 25% fólks á almennum vinnumarkaði atvinnu. Þannig að út frá því hvað við höfum öflugan bakhjarl og stöndum fyrir breiðan hóp atvinnurekenda viljum við gera rödd okkar hærri þannig að hagsmunir greinarinnar sem við erum málsvavar fyrir komist betur til skila.“ Andrés segir að hvað næsta ár varðar sé á dagskrá

að vekja sérstaka athygli á því skattalega umhverfi sem verslunin býr við. „Við ætlum að vekja athygli á því hversu mikið vörugjöld og tollar skerða samkeppnisstöðu verslunarinnar í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem greinin býr við.“

Andrés segir að það skipti miklu máli fyrir atvinnugreinina að hún búi við sem sambærilegastar skattalegar aðstæður og verslunin býr við í nágrannalöndunum. „Greinin er í alþjóðlegri samkeppni og þegar aðstöðumunurinn er á mörgum sviðum eins mikill og raunber vitni þá er einföldun og lagfæring á skattkerfinu tvímælaust besta leiðin til þess að bæta hag greinarinnar og þess stóra hóps fólks sem hefur atvinnu sína og framfæri af því að starfa í verslun og þjónustu.

Við höfum í haust unnið að greiningu á vörugjaldskerfinu en verslunin, eins og margar aðrar atvinnugreinar, hefur lengi haft horn í síðu þessa skatts fyrir það hversu flókinn, ósanngjarn og óskilvirkur hann er. Við munum þess vegna á nýju ári leggja sérstaka áherslu á það við stjórnvöld að hafinn verði undirbúningur að því að afnema vörugjöldin af öllum almennum vörum. Á nýju ári ætlum við enn fremur að efla átakið „Spilum saman“ og vera með nýjar áherslur í því og hugsanlega tvíanna það saman við annað átak sem við tengjumst og heitir „Allir vinna“. Þar er fólk hvatt til framkvæmda við hús sín og sumarbústaði gegn verulegum skattalegum ávinningi. ☪

„Það er að okkar mati mikilvægt hversu vel átakið hefur tekist og hversu jákvæðar undirtektir það hefur fengið.“

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

